

25. stjórnarfundur Leiknar 16. febrúar 2009 kl. 9.00-10.30 haldinn í húsakynnum
Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í Skeifunni 8.

Mættir: Guðjónína Sæmundsdóttir, Hulda Ólafsdóttir, Finnur Gunnþórsson, María Hildiþórsdóttir,
Hildur Elín Vignir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og Emil Björnsson var í fjarfundi.

Dagskrá lá fyrir í 3 liðum.:

1. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin var samþykkt.
2. Félagsmálaskóli alþýðu hefur sótt um inngöngu í Leikn. Samþykkt.
3. Drög að dagskrá fyrir ráðstefnu á vegum Leiknar í tengslum við aðalfund félagsins var lögð fram til umræðu. Ráðstefnan verður haldin 26.-27.mars í Reykjanesbæ frá hádegi til hádegis. Drög að dagskrá voru unnin af undirbúningshópi, sem í eru Hulda, Finnur og Ína. Dagskráin var rædd og gerðar nokkrar breytingar. Fyrirlesarar voru ákveðnir. Ína upplýsti um kostnað við gistingu á Flughóteli, sem mun verða 7.000.-. Kostnaður fyrir þátttakendur verður gisting og kvöldverður. Annað verður í boði Leiknar þ.e. rúta um svæðið, hressing og aðstaða fyrir fundinn. Fundarmenn skiptu með sér verkum. Hildur Elín tók að sér að annast aðalfundinn, Ingibjörg tekur saman upplýsingar vegna boðsgesta, undirbúningshópurinn lýkur við dagskrána, talar við fyrirlesara og útbýr boðsbréf. Samþykkt að Lena hjá FA og Mími taki við skráningum. Sérstaklega þarf að halda utan um þá sem ætla að gista vegna samskipta við hótelið.
4. Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 10.30.